



Reglur um akstursstyrki vegna Íþrótt- og tómstundastarfs barna og unglunga búsett í Hrísey

1. Markmið

Markmiðið með þessum reglum er að stuðla að aðstöðujöfnuði barna innan Akureyrarbæjar sem þurfa að ferðast til og frá Hrísey til að stunda skipulagt íþrótt- og tómstundastarf. Markmiðið er að koma til móts við kostnað vegna aksturs foreldra vegna iðkunar barna í íþrótt- og tómstundastarfi.

2. Gildissvið

Styrkurinn nær til barna á frístundastyrksaldri (6-17 ára) sem eiga lögheimili og eru búsett í Hrísey. Styrkurinn er greiddur til foreldra/forráðamanna þar sem barnið er með skráð lögheimili. Veittur er einn styrkur á hverju almannaksári á hvert lögheimili barnanna óháð fjölda barna.

Til að eiga rétt á styrk þurfa börnin og unglingarnir að vera skráðir iðkendur innan íþrótt- og tómstundafélaga sem taka við [Frístundastyrk Akureyrarbæjar](#) og hafa sótt a.m.k. 12 æfingar yfir árið.

3. Umsóknir

Foreldrar/forráðamenn sækja um styrk í gegnum [þjónustugátt Akureyrarbæjar](#) og í umóknarferlinu þarf að skila inn staðfestingu frá íþrótt- og/eða tómstundafélagi um að barnið sé skráður iðkandi og mætt á a.m.k. 12 æfingar yfir árið.

Sækja þarf um styrk fyrir líðandi ár fyrir 1. desember til að fá styrk fyrir það ár. Ekki er hægt að sækja afturvirkir um styrk eftir 1. janúar ár hvert.

4. Styrkir

Styrkir eru greiddir út einu sinni á ári, í desember að undangenginni auglýsingu frá Akureyrarbæ og tilkynningu ÍBA til aðilarfélga.

Upphæð styrks fyrir hvert heimili er 50.000 kr. á ári.

5. Gildistaka

Reglur þessar gilda frá og með 1. janúar 2023.

Íþróttadeild Akureyrarbæjar heldur utan um framkvæmd og endurskoðun þessara reglna.

Fræðslu- og lýðheilsuráð úrskurðar í fráviks- og undantekningartilvikum þessara reglna.

Samþykkt í fræðslu- og lýðheilsuráði 8. janúar 2024.

Samþykkt í bæjarráði 11. janúar 2024.

Samþykkt í bæjarstjórn 16. janúar 2024.